

## EFNISYFIRLIT

---

1.	Inngangur .....	2
2.	Framkvæmd .....	3
3.	Helstu niðurstöður .....	4
4.	Ítarlegar niðurstöður .....	5
Sp. 1.	Hvað fannst þér um undirbúninginn fyrir starfið framundan? .....	6
Sp. 2.	Hvað fannst þér um verkefnið í vinnuskólanum? .....	10
Sp. 3.	Hvað fannst þér um flokksstjórnann þinn? .....	13
Sp. 4.	Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?	
	a) Við borðuðum nestið.....	17
	b) Við höfðum aðgang að salerni nálægt vinnustaðnum .....	21
	c) Við gátum þvegið okkur fyrir matinn .....	23
Sp. 5.	Á vinnumarkaði er fólki oft veitt meðmæli eða viðurkenning þegar það hættir í vinnu.	
	a) Finnst þér að vinnuskólinn ætti að taka slíkt upp? .....	25
	b) Ef já, hvernig vildir þú að staðið væri að því? .....	27
Sp. 6.	Þegar þú lítur til baka...	
	a) ...hvað fannst þér best við vinnuskólann? .....	29
	b) ...hvað fannst þér verst við vinnuskólann? .....	33
Sp. 7.	Ef þú mættir ráða, hverju myndir þú þá helst breyta í starfsemi vinnuskólans? .....	37
5.	Viðauki; Yfirlit yfir sveitarfélögin sem tóku þátt í könnuninni .....	40

# 1. INNGANGUR

---

Sumarið 1995, sem var fyrsta starfsár mitt í embætti umboðsmanns barna, bárust mér ýmsar ábendingar er vörðuðu starfsemi nokkurra vinnuskóla sveitarfélaga og aðbúnað unglinga sem þar störfuðu. Vakin var athygli á ýmsum misfellum, svo sem varðandi skipulag vinnunnar, vinnutíma, verkefnaval, vinnuuppeldi, aðbúnað á vinnustað og hæfni og þjálfun flokksstjóra.

Í lok febrúar 1996 hafði ég frumkvæði að því í samvinnu við félagsmálaráðuneytið að haldinn var í Reykjavík opinn fundur um atvinnuþátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Efni fundarins var að ræða um stöðu þessara mála, hvert stefndi og hvernig yrði best á málum haldið í framtíðinni. Þar var meðal annars rætt um tengsl skóla og atvinnulífs og aukið hlutverk vinnuskóla sveitarfélaga í því sambandi. Að mínum dómi er alveg ljóst að á næstu árum mun hlutverk vinnuskóla sveitarfélaga aukast og sú starfsemi, sem þar er rekin, verða sífellt mikilvægari, ekki síst fyrir börn á aldrinum 13 til 16 ára, m.a. vegna þeirrar staðreyndar að atvinnuleysi hefur aukist á hinum almenna vinnumarkaði á undanförunum árum og það bitnar óneitanlega á hinni ungu kynslóð.

Vorið 1996 ritaði ég því bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvatti til þess að skipaður yrði starfshópur til að semja almennar, samræmdar reglur um hlutverk og starfsemi vinnuskóla sveitarfélaga. Ég lagði jafnframt til að sumarið sem í hönd færi yrði notað til að safna upplýsingum um starfsemi vinnuskólanna þannig að unnt yrði að meta hvað hafi tekist vel og hvað hafi tekist miður. Jafnframt greindi ég frá áformum mínum um að láta þá um sumarið gera einfalda könnun á afstöðu unglínganna sjálfra til ýmissa þátta er vörðuðu starfsemi og innra skipulag vinnuskólanna. Markmiðið var að afla þannig vísbendinga um hvað mætti betur fara og skyldu niðurstöðurnar verða framlag embættis umboðsmanns barna við samningu framangreindra reglna.

Niðurstöður umræddrar könnunar hafa nú litið dagsins ljós og er gerð grein fyrir þeim í skýrslu þeirri er hér fer á eftir. Umsjón með verkinu hafði Ragnheiður Harðardóttir félagsfræðingur og starfsmaður embættisins, en Hansína B. Einarsdóttir hjá Skrefi fyrir Skrefi ehf. veitti góð ráð og mikilmetna aðstoð við undirbúning og úrvinnslu. Einnig veitti Valgerður Magnúsdóttir félagsmálastjóri á Akureyri umsögn á úrvinnslustigi.

Að lokum vil ég taka fram að ekki var ætlunin að gera könnun sem stæðist ströngustu kröfur félagsvísinda um gerð úrtaks, áreiðanleika og marktækni, enda eru í skýrslunni tilgreindir ýmsir fyrirvarar sem hafa verður á niðurstöðum. Það verður því ekki hjá því komist að hjá lesandanum vakni ýmsar þær spurningar um afstöðu og aðstæður vinnuskólaunglinga sem könnun þessi gefur ekki svör við. Vilji menn fá skýrari mynd verður að kanna þessi mál miklu ítarlegar en hér var gert, og verður því að taka viljann fyrir verkið í þessum efnunum. Ef til vill er það merkasta niðurstaða þessarar könnunar að nauðsynlegt sé að kanna þessi mál talsvert betur en unnt er með sjö einföldum spurningum.

Í 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að, kemur fram að barni er myndað getur eigin skoðanir skuli tryggður réttur til að láta þær í ljós í öllum málum sem það varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þess miðað við aldur barnsins og þroska.

Með vísan til þessa skora ég hér með á alla þá, sem hlut eiga að máli, að kynna sér vandlega skoðanir unglíngna í vinnuskóla sveitarfélaga, er fram koma í fyrrnefndri könnun, með hagsmuni þeirra, þarfir og réttindi efst í huga.

*Reykjavík, 16. apríl 1997.*

*Þórhildur Línadal, umboðsmaður barna*

## 2. FRAMKVÆMD

Markmið þeirrar könnunar sem hér verður gerð grein fyrir er einkum tvíþætt:

- \* *Að afla vísbendinga um réttmæti ýmissa ábendinga er borist hafa embætti umboðsmanns barna síðastliðin tvö sumur um aðbúnað unglunga í vinnuskólum sveitarfélaga.*
- \* *Að kanna viðhorf unglunganna sjálfra til nokkurra þátta er snerta innra skipulag, starfshætti og verkefnaval vinnuskólanna almennt.*

Leitað var eftir þátttöku alls 19 sveitarfélaga víðsvegar á landinu (sjá nánar yfirlit aftast í skýrslunni). Við val þeirra var reynt að gæta þess að upplýsingar fengjust úr öllum landshlutum og þá jafnt frá fjölmennustu þéttbýlissvæðunum sem þjónustusvæðum, landbúnaðarsvæðum og sjávarplássum. Haft var samband við yfirstjórn hvers sveitarfélags og beðið um tilnefningu tengiliða. Tengiliðir báru síðan ábyrgð á því að leggja spurningalistana fyrir unglungana, að safna spurningalistunum saman og senda þá til skrifstofu umboðsmanns barna.

Listarnir voru lagðir fyrir unglungana í júlí 1996 og var ætlast til að þeim væri svarað í vinnuskólanum að afloknum vinnudegi. Oftast var óskað eftir því að spurningalistinn yrði lagður fyrir alla unglunga vinnuskólans, en í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri var beðið um úrtak af tiltekinni stærð. Með fullri svörum var gert ráð fyrir 837 útfylltum spurningalistum. Ekki fengust svör frá 5 sveitarfélögum og höguðu atvik því svo til að engin svör bárust af Vestfjörðum. Engin svör bárust frá Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Borgarbyggð og Dalabyggð. Þá bárust aðeins 24 listar frá Akureyri í stað 50 eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Á þeim tíma sem könnunin stóð yfir voru sameiningarmál sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum í algleymsi og báðust þau því undan þátttöku í könnuninni. Í Dalabyggð reyndist af óviðráðanlegum ástæðum ekki unnt að leggja könnunina fyrir vinnuskólaunglingana, en engar viðhlítandi skýringar fengust á þáttökuleysi í Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Borgarbyggð, né heldur á brottfalli á Akureyri.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka það skýrt fram að könnun þessi stenst engan veginn hávísindalegar kröfur um gerð skoðanakannana og því eru niðurstöður og túlkningar settar fram með vissum fyrirvara. Með því að treysta á tengiliði í hverju sveitarfélagi reyndist ekki unnt að hafa nauðsynlega stjórn á ytri aðstæðum við fyrirlögn spurningalistanna og því var ekki hægt að tryggja að framkvæmd könnunarinnar væri alls staðar með sama hætti. Þá kann veðurfar á hverjum stað að hafa haft áhrif á svör unglunganna. Loks er ekki víst að fjöldi unglunga í úrtaki í einstökum sveitarfélögum leyfi alhæfingar um þau, né heldur um einstök landssvæði. **Markmið könnunarinnar var ekki að setja fram vísindalegar alhæfingar um afstöðu unglunga almennt til vinnuskólanna og starfseminnar þar. Markmiðið var að afla vísbendinga sem hægt yrði að líta til þegar hafist yrði handa við að semja samræmdar reglur um hlutverk og starfsemi vinnuskóla sveitarfélaga.**

Staðreyndin er þó engu að síður sú að 591 unglingur svaraði spurningalistanum, og svarhlutfall er því rúm 70%. Svarendur voru á aldrinum 14 til 16 ára og eru svörin greind eftir kyni, aldri og búsetu.

### 3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

---

#### Undirbúningur

- \* Unglingar í þeim vinnuskólum sem tóku þátt í könnuninni óska eftir meiri upplýsingum og betri undirbúningi fyrir starfið í vinnuskólanum. Þetta á einkum við um unglunga í vinnuskóla Reykjavíkur, en rúmlega helmingur svarenda þaðan óskaði eftir meiri upplýsingum.

#### Stjórnun

- \* Mikill meirihluti unglunga sem starfar í vinnuskóla á sumrin telur að félagsleg umbun af ýmsum toga, svo sem að eignast nýja vini, að kynnst góðum flokksstjórum og fá að taka þátt í fræðslu á vegum vinnuskólans, sé helsti kosturinn við veruna þar. Stúlkur nefna oftast félagslega þætti en piltar.
- \* Þegar á heildina er litið fá flokksstjórnir mjög góða einkunn hjá unglöngunum. Yngstu börnin skera sig þó úr þar sem þau eru neikvæðust í garð flokksstjórnanna og segja oftast en aðrir að þeir hafi verið of strangir, og alltaf að skreppa frá.
- \* Yngstu börnin gera í meira mæli tillögur til úrbóta varðandi vinnuna og viðfangsefnið og einnig lítillga varðandi flokksstjórnina og stjórnunina.

#### Aðbúnaður, aðstaða og kjör

- \* Rúmlega þriðjungur vinnuskólaunglinga segist alltaf borða nestið sitt utandyra. Athygli vekur hve fátítt er að skólarnir séu notaðir sem aðstaða fyrir vinnuskólana.
- \* Aðbúnaður á vinnustað er langsamlega bestur í Reykjavík. Hverfandi fáir segjast ekki hafa haft neinn stað til þess að borða nestið sitt og algengast er að matar sé neytt í vinnuskúr eða nærliggjandi skóla.
- \* Rétt innan við helmingur svarenda segist ekki hafa aðgang að salerni á vinnustað og rúmur helmingur segist ekki geta þvegið sér fyrir matinn. Enn hefur Reykjavík sérstöðu hvað þetta varðar: Tæplega 90% segjast hafa haft aðgang að salerni og tæp 80% gátu þvegið sér fyrir matinn.
- \* Enda þótt unglingar í Reykjavík búi við bestan aðbúnað í vinnuskólanum eru það einmitt þeir sem segja oftast en aðrir að slæmur aðbúnaður og lélegt skipulag hafi verið það versta við vinnuskólann.
- \* Unglingar í vinnuskólum almennt telja brýnast að bæta kaup og kjör. Einnig lýsa margir eftir fjölbreyttari viðfangsefnum og bættu skipulagi vinnu og vinnutíma.

#### Verkefni

- \* Almennt virðast unglöngarnir vera nokkuð sáttir við verkefni sín og sýna þroskaða afstöðu til vinnunnar. Þó segja unglöngar úr þéttbýlinu á suð-vestur horninu oftast en aðrir að þeir hafi ekki séð tilgang með vinnunni og að þeir hafi frekar viljað eyða sumrinu heima.
- \* Tæplega 10% nemenda í vinnuskólunum telja sig hafa lært heilmikið nýtt.
- \* Unglingar í Reykjavík virðast sáttari við verkefni sín en unglöngar í öðrum vinnuskólum.
- \* Þegar á heildina er litið kvarta vinnuskólaunglingar einkum undan einhæfum og leiðinlegum verkefnum annars vegar, og undan lágum launum og lélegum kjörum hins vegar. Yngsti aldurshópurinn er ósáttari við viðfangsefnið og vinnuna sjálfa en þeir sem eldri eru.

### Umsögn og frammistöðumat

- \* Mikill meirihluti vinnuskólaunglinga um land allt, eða ríflega 78%, er hlynntur því að tekinn verði upp sá háttur að veita meðmæli eða viðurkenningu við verklok í vinnuskólanum.
- \* Mikill meirihluti vinnuskólaunglinga, eða tæp 83%, vill fá persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn þar sem fram kemur hvaða verk og verkþætti viðkomandi fékkst við yfir sumarið.

### Helstu breytingar:

- \* Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist vera mjög misjafnt eftir svæðum hversu vel er staðið að því að undirbúa flokksstjórana fyrir það að takast á við starfið í vinnuskólanum.
- \* Samkvæmt mati yngstu unglínganna í vinnuskólunum þyrfti að undirbúa komu þeirra í vinnuskólann betur en nú virðist vera gert.
- \* Af niðurstöðum má draga þá ályktun að vinnuskólaunglingar séu ekki svo ósáttir við verkefni sjálf, heldur er það útívinna í bland við rýsjótt veðurfar sem virðist íþyngja þeim mest. Því ber að leita leiða hvort ekki sé hægt að láta unglíngana leysa af hendi gagnleg verkefni fyrir sveitarfélagið jafnt innanhúss sem utan.
- \* Könnunin leiðir mjög greinilega í ljós að félagslegt hlutverk vinnuskólanna er ákaflega mikilvægt og ber að líta á þessa niðurstöðu sem skilaboð til sveitarfélaganna um að hlúa enn frekar að þessu þætti.
- \* Í könnuninni kemur fram ósk um að unglíngar í vinnuskólum fái launaða veikindadaga eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði.
- \* Fram kemur ósk um betra skipulag vinnunnar, svo sem að ákvörðun um verkefni næsta dags liggi fyrir í lok vinnudags.
- \* Lýst er eftir meiri fjölbreytni í verkefnavali, svo sem að vinnuskólaunglingar fái að vinna á hinum ýmsu stofnunum sveitarfélagsins.
- \* Í könnuninni kemur fram áhugi á meiri leiðsögn í verktækni og meiri starfsfræðslu.
- \* Gerðar eru tillögur um að fleiri karlar séu ráðnir í störf flokksstjóra og að starfsmönnum í bæjarvinnu sé gefinn kostur á að spreyta sig í flokksstjórarstarfinu.


## 4. ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

### Sp. 1. Hvað fannst þér um undirbúninginn fyrir starfið í vinnuskólanum?

Mér fannst upplýsingar um verkefni og starfið framundan...

	Fjöldi	Hlutf.
Skýrar og greinagóðar	248	40,8%
Þær hefðu mátt vera betri	267	43,9%
Ég fékk ekki réttar upplýsingar	12	2,0%
Ég fékk afar litlar upplýsingar	66	10,9%
Ég fékk engar upplýsingar	39	6,4%
Tóku afstöðu	608	

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.



Í tæplega 41% tilvika telja svarendur að upplýsingar um væntanleg verkefni og starfið framundan hafi verið skýrar og greinargóðar. Tæp 44% segja hins vegar að upplýsingar hefðu mátt vera betri og í tæplega 11% tilvika segjast svarendur hafa fengið afar litlar upplýsingar.

Ekki er teljandi munur á piltum og stúlkum hvað þetta varðar nema ef vera skyldi að stúlkurnar telji í eilítið meiri mæli að upplýsingar hefðu mátt vera betri.

Ekki er heldur að sjá mikinn munur eftir aldri, yngsti aldurshópurinn er þó helst á því að upplýsingar hefðu mátt vera betri.

Unglingar á Vesturlandi virðast hafa fengið bestu upplýsingarnar fyrir þátttöku sína í vinnuskólanum en unglíngar í Reykjavík sístar. Í rúmlega 50% tilvika segja Reykjavíkurunglingarnir að upplýsingarnar hefðu mátt vera betri.


Megin niðurstaðan er því sú að unglíngarnir óska eftir meiri upplýsingum og betri undirbúningi fyrir starfið í vinnuskólanum.

**Sp. 1. Hvað fannst þér um undirbúninginn fyrir starfið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir kyni**

	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Skýrar og greinagóðar	130	41,0%	118	40,8%
Þær hefðu mátt vera betri	131	41,3%	135	46,7%
Ég fékk ekki réttar upplýsingar	9	2,8%	3	1,0%
Ég fékk afar litlar upplýsingar	32	10,1%	34	11,8%
Ég fékk engar upplýsingar	23	7,3%	15	5,2%
Tóku afstöðu	317		289	


**Skýrar og greinagóðar**



**Þær hefðu mátt vera betri**



**Ég fékk afar litlar upplýsingar**




**Sp. 1. Hvað fannst þér um undirbúninginn fyrir starfið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Skýrar og greinagóðar	107	40,2%	77	38,1%	57	45,6%
Þær hefðu mátt vera betri	124	46,6%	86	42,6%	49	39,2%
Ég fékk ekki réttar upplýsingar	2	0,8%	5	2,5%	5	4,0%
Ég fékk afar litlar upplýsingar	27	10,2%	24	11,9%	15	12,0%
Ég fékk engar upplýsingar	16	6,0%	18	8,9%	5	4,0%
Tóku afstöðu	266		202		125	


**Skýrar og greinagóðar**



**Þær hefðu mátt vera betri**



**Ég fékk afar litlar upplýsingar**






**Sp. 1. Hvað fannst þér um undirbúninginn fyrir starfið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Skýrar og greinagóðar	78	36,3%	47	39,5%	27	55,1%	48	40,7%	25	50,0%	23	40,4%
Þær hefðu mátt vera betri	109	50,7%	56	47,1%	12	24,5%	49	41,5%	16	32,0%	25	43,9%
Ég fékk ekki réttar upplýsingar	6	2,8%	5	4,2%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	1,8%
Ég fékk afar litlar upplýsingar	26	12,1%	13	10,9%	4	8,2%	10	8,5%	4	8,0%	9	15,8%
Ég fékk engar upplýsingar	9	4,2%	5	4,2%	7	14,3%	12	10,2%	6	12,0%	0	0,0%
Tóku afstöðu	215		119		49		118		50		57	


**Skýrar og greinagóðar**



**Þær hefðu mátt vera betri**



**Ég fékk afar litlar upplýsingar**




## Sp. 2. Hvað fannst þér um verkefnið í vinnuskólanum?

### Mér fannst verkefnið...

	Fjöldi	Hlutf.
Spennandi og skemmtileg	27	4,4%
Ég lærði heilmikið nýtt	56	9,2%
Þau tengdust áhugamálum mínum	7	1,2%
Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg	415	68,4%
Ég sá engan tilgang með því sem við vorum að gera	45	7,4%
Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu	187	30,8%
Ég hefði frekar viljað vera heima	57	9,4%
Tóku afstöðu	607	

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.



Í rúmlega 68% tilvika segja svarendur að verkefnið í vinnuskólunum hafi stundum verið skemmtileg og stundum leiðinleg. Þetta svar sýnir að unglíngarnir virðast almennt nokkuð sáttir við verkefnið og einnig má segja að þeir hafi þroskaða afstöðu til vinnunnar: "Vinna er vinna, stundum er gaman í vinnunni og stundum er leiðinlegt. Um það þýðir ekki að fást". Þó hlýtur það að vekja athygli að í tæplega 31% tilvika segjast unglíngarnir heldur hafa viljað vera í annarri vinnu og rúmlega 9% segjast frekar hafa viljað vera heima. Tæplega 10% nemenda í vinnuskólunum telja sig hafa lært heilmikið nýtt.

Í ljósi ofangreindrar túlkunar má segja að stúlkurnar séu sáttari við verkefnið en piltarnir og taki þeim með meira jafnaðargeði. Þeir sjá hins vegar minni tilgang í verkefnum og hefðu í ríkari mæli frekar viljað eyða sumrinu heima. Almennt er ekki teljandi munur á afstöðu unglínganna eftir aldri hvað þessa spurningu áhrærir. Elsti hópurinn segist þó oftar hafa viljað vera í annarri vinnu en þau sem yngri eru.


Sáttastir við verkefni sín í vinnuskólanum eru unglíngar á Suðurlandi, unglíngar á Austurlandi segja oftar en aðrir unglíngar að þeir hafi lært eitthvað nýtt. Reykvískir unglíngar segja hins vegar oftar en aðrir að þeir sjái engan tilgang í því sem verið var að gera. Unglíngar í Reykjavík segja einnig oftast að þeir hefðu frekar viljað vera heima, og unglíngar í Kópavogi og Bessastaðahreppi fylgja fast á eftir. Aftur á móti virðist unglíngum á Austurlandi finnast þetta fráleitir valkostur og þeir segjast einnig sjaldnast hafa viljað vera í annarri vinnu. Loks vekur það einnig athygli að unglíngar á Vesturlandi merkja í nálega 43% tilvika við þennan svarmöguleika.

**Sp. 2. Hvað fannst þér um verkefnið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir kyni**

	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Spennandi og skemmtileg	15	4,8%	12	4,1%
Ég lærði heilmikið nýtt	32	10,2%	24	8,3%
Þau tengdust áhugamálum mínum	5	1,6%	2	0,7%
Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg	194	61,6%	221	76,2%
Ég sá engan tilgang með því sem við vorum að gera	34	10,8%	11	3,8%
Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu	103	32,7%	83	28,6%
Ég hefði frekar viljað vera heima	34	10,8%	21	7,2%
Tóku afstöðu	315		290	

Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg



Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu




**Sp. 2. Hvað fannst þér um verkefnið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Spennandi og skemmtileg	8	3,0%	13	6,5%	4	3,2%
Ég lærði heilmikið nýtt	23	8,6%	22	11,0%	9	7,2%
Þau tengdust áhugamálum mínum	2	0,7%	4	2,0%	1	0,8%
Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg	194	72,7%	124	62,0%	87	69,6%
Ég sá engan tilgang með því sem við vorum að gera	22	8,2%	16	8,0%	6	4,8%
Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu	75	28,1%	63	31,5%	47	37,6%
Ég hefði frekar viljað vera heima	22	8,2%	21	10,5%	14	11,2%
Tóku afstöðu	267		200		125	

Ég lærði heilmikið nýtt



Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu




**Sp. 2. Hvað fannst þér um verkefnið í vinnuskólanum?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Spennandi og skemmtileg	7	3,3%	7	5,9%	2	4,1%	5	4,3%	5	9,6%	1	1,8%
Ég lærði heilmikið nýtt	18	8,4%	12	10,2%	4	8,2%	6	5,1%	10	19,2%	6	10,5%
Þau tengdust áhugamálum mínum	1	0,5%	1	0,8%	2	4,1%	1	0,9%	1	1,9%	1	1,8%
Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg	138	64,5%	76	64,4%	28	57,1%	85	72,6%	39	75,0%	49	86,0%
Ég sá engan tilgang með því sem við vorum að gera	22	10,3%	9	7,6%	2	4,1%	5	4,3%	3	5,8%	4	7,0%
Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu	76	35,5%	43	36,4%	21	42,9%	24	20,5%	6	11,5%	17	29,8%
Ég hefði frekar viljað vera heima	33	15,4%	15	12,7%	2	4,1%	4	3,4%	1	1,9%	2	3,5%
Tóku afstöðu	214		118		49		117		52		57	

**Sum voru skemmtileg, önnur leiðinleg**



**Ég hefði frekar viljað vera í annarri vinnu**




### Sp. 3. Hvað fannst þér um flokksstjórnann þinn?

#### Mér fannst hann / hún...

	Fjöldi	Hlutf.
Alltof strangur	83	14,0%
Duglegur og samvirkusamur	305	51,5%
Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin	300	50,7%
Við gátum leitað til hans með vandamál	97	16,4%
Við bárum virðingu fyrir honum	106	17,9%
Hann var alltaf að "skreppa frá"	61	10,3%
Hann skipti sér lítið af okkur	50	8,4%
Tóku afstöðu		592

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.



Þegar á heildina er lítið fá flokksstjórnar vinnuskólanna mjög góða einkunn hjá unglíngunum. Rúmlega helmingur þeirra sem tóku afstöðu segja að flokksstjórninn hafi verið duglegur og samvirkusamur og einnig að hann hafi sýnt hvernig vinna skyldi verkin. Þá segja tæp 18% að þau hafi borið virðingu fyrir flokksstjórninum sínum og rúm 16% gátu leitað til hans með vandamál sín. Að flokksstjórninn hafi verið alltof strangur segja 14% og nálega 20% samanlagt merkja við svarmöguleika um að flokksstjórninn hafi mikið verið að skreppa frá og að hann hafi lítið skipt sér af hópnum.

Lítill munur er milli kynja varðandi afstöðu unglínganna til flokksstjórnans. Piltarnir segja þó oftar en stúlkurnar að hann hafi verið alltof strangur.

Greining eftir aldri leiðir í ljós nokkurn mun og sýnir ákveðna sérstöðu þeirra sem eru yngst í vinnuskólanum. Yngsti hópurinn segir mun oftar en þau elstu að flokksstjórninn hafi verið alltof strangur. Þau segja sjaldnar að flokksstjórninn hafi verið duglegur og samvirkusamur. Einnig segja þau sjaldnast bera virðingu fyrir honum og fæst þeirra telja sig geta leitað til hans með vandamál. Þeim virðist einnig mun oftar að hann sé alltaf að skreppa frá. Trúlega er hér á ferðinni ákveðið þroskaleysi og skilningsleysi á því hvernig flokksstjórnarnir skipuleggja vinnu sína. Veran í vinnuskólanum er oft fyrsta reynsla unglínganna af leikreglum atvinnulífsins og það kann að vera að nýliðunum finnist þetta harður heimur og harðar reglur. En þrátt fyrir það er vert að hugleiða hvort ekki sé ástæða til þess að huga betur að líðan yngstu unglínganna í vinnuskólanum; það getur verið talsverður munur á þroska og félagslegri færni milli elstu og yngstu aldurshópna.


Erfitt er að spá í svæðisbundinn mun hvað þessa spurningu varðar og rétt að fara varlega í að draga af honum ályktanir. Reykvískum unglíngum finnst oftar en unglíngum í öðrum vinnuskólum að flokksstjórninn hafi verið alltof strangur. Flokksstjórnar á Suðurlandi fá hæstu einkunn sinna unglíngja fyrir dugnað og samvirkusemi, starfsbræður þeirra á Austurlandi fá hins vegar hæstu einkunn fyrir tilsögn og verkmenntun. Flokksstjórnar í Kópavogi og Bessastaðahreppi njóta mestrar virðingar sinna unglíngja og þeir virðast einnig vera duglegastir að greiða úr vandamálum þeirra. Þessar niðurstöður virðast gefa til kynna að mjög sé misjafnt hvernig staðið er að því að undirbúa flokksstjórnana til þess að takast á við starf sitt í vinnuskólanum.

**Sp. 3. Hvað fannst þér um flokksstjórnann þinn?**


**Greint eftir kyni**

	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Alltof strangur	52	17,0%	31	10,9%
Duglegur og samvisskusamur	150	49,2%	154	54,0%
Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin	151	49,5%	148	51,9%
Við gátum leitað til hans með vandamál	44	14,4%	51	17,9%
Við bárum virðingu fyrir honum	57	18,7%	48	16,8%
Hann var alltaf að "skreppa frá"	26	8,5%	34	11,9%
Hann skipti sér lítið af okkur	23	7,5%	27	9,5%
Tóku afstöðu	305		285	


**Alltof strangur**




**Duglegur og samvisskusamur**




**Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin**




**Við gátum leitað til hans með vandamál**



**Við bárum virðingu fyrir honum**



**Hann var alltaf að "skreppa frá"**




**Sp. 3. Hvað fannst þér um flokksstjórnann þinn?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Alltof strangur	45	17,4%	27	13,8%	11	8,8%
Duglegur og samviskusamur	117	45,3%	104	53,3%	76	60,8%
Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin	136	52,7%	93	47,7%	62	49,6%
Við gátum leitað til hans með vandamál	34	13,2%	36	18,5%	26	20,8%
Við bárum virðingu fyrir honum	32	12,4%	42	21,5%	26	20,8%
Hann var alltaf að "skreppa frá"	37	14,3%	13	6,7%	10	8,0%
Hann skipti sér lítið af okkur	24	9,3%	17	8,7%	9	7,2%
<b>Tóku afstöðu</b>	<b>258</b>		<b>195</b>		<b>125</b>	


**Alltof strangur**




**Duglegur og samviskusamur**




**Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin**




**Við gátum leitað til hans með vandamál**



**Við bárum virðingu fyrir honum**



**Hann var alltaf að "skreppa frá"**




**Sp. 3. Hvað fannst þér um flokksstjórnann þinn?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Alltof strangur	42	19,8%	8	7,0%	8	16,7%	9	8,1%	7	13,7%	9	16,1%
Duglegur og samviskusamur	112	52,8%	67	58,8%	21	43,8%	46	41,4%	21	41,2%	38	67,9%
Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin	118	55,7%	60	52,6%	21	43,8%	41	36,9%	34	66,7%	26	46,4%
Við gátum leitað til hans með vandamál	40	18,9%	28	24,6%	8	16,7%	8	7,2%	7	13,7%	6	10,7%
Við bárum virðingu fyrir honum	39	18,4%	33	28,9%	7	14,6%	13	11,7%	7	13,7%	7	12,5%
Hann var alltaf að "skreppa frá"	12	5,7%	12	10,5%	8	16,7%	19	17,1%	9	17,6%	1	1,8%
Hann skipti sér lítið af okkur	24	11,3%	10	8,8%	2	4,2%	8	7,2%	4	7,8%	2	3,6%
Tóku afstöðu	212		114		48		111		51		56	


**Alltof strangur**




**Duglegur og samviskusamur**




**Hann sýndi okkur hvernig átti að vinna verkin**




**Við gátum leitað til hans með vandamál**



**Við bárum virðingu fyrir honum**




**Hann var alltaf að "skreppa frá"**





## Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?

### a) Við borðuðum nestið...



Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.

Þessari spurningu var einkum ætlað að kanna réttmæti ýmissa ábendinga sem borist hafa embætti umboðsmanns barna um að aðbúnaði í vinnuskólanum væri í ýmsu ábótavant. Þannig kemur í ljós að í tæplega 33% tilvika segjast unglíngarnir alltaf borða nesti sitt utandyra, tæplega 27% segjast hafa aðstöðu til að matast í vinnuskúr og tæplega 25% eiga þess kost að fara heim til sín í mat. Þá veur það athygli í hve litlum mæli skólarnir eru notaðir til þess að matast, en víða mun skólahúsnæði standa autt og ónotað yfir sumarmánuðina.


Erfitt er að ráða í niðurstöðu þessarar spurningar eftir aldri og kyni og nærtækast að álykta sem svo að þessir þættir hafi ekki þýðingu fyrir það hvernig spurningunni er svarað. Öðru máli gegnir með búsetu, og þar veur mesta athygli hversu aðbúnaður reykvískra unglínginga er betri en gengur og gerist annars staðar á landinu. Tæp 53% unglínginga í Reykjavík segjast hafa haft aðgang að vinnuskúr til þess að matast - samsvarandi tala fyrir Norðurland er aðeins 8%. Reykvískir unglíngingar hafa einnig oft en aðrir aðgang að mataraðstöðu í skóla og hverfandi fáir segjast ekki hafa haft neinn stað til þess að borða nestið sitt. Unglíngar á Norðurlandi og í Kópavogi/ Bessastaðahreppi segjast oft en aðrir hafa neytt matar síns utandyra. Flestir unglíngar á Suðurlandi fara heim til sín í mat, og er t.d. stór munur milli þeirra og norðlenskra unglínginga hvað þetta varðar. Þá virðast nestismál vera í betra lagi hjá Reykjavíkurlíngum og andstætt því sem kannski hefði mátt ætla, leita þeir sjaldnast allra vinnuskólaunglínginga í næsta bakarí eftir snúð og safu til þess að byggja upp vinnuþrek sitt.

**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**


**Greint eftir kyni**

a) Við borðuðum nestið...	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Í vinnuskúr	79	26,0%	77	27,7%
Inni hjá fólki sem við vorum að vinna fyrir	21	6,9%	13	4,7%
Í skóla í næsta nágrenni	32	10,5%	28	10,1%
Ég fór heim í mat	84	27,6%	60	21,6%
Við höfðum engan stað til að borða nestið	17	5,6%	17	6,1%
Ég kom aldrei með nesti	37	12,2%	33	11,9%
Ég keypti mér snúð og safa í næsta bakaríi	56	18,4%	52	18,7%
Við borðuðum alltaf utandyra	90	29,6%	101	36,3%
<b>Tóku afstöðu</b>	<b>304</b>		<b>278</b>	


**Í vinnuskúr**



**Ég fór heim í mat**



**Við borðuðum alltaf utandyra**




**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**


**Greint eftir aldri**

a) Við borðuðum nestið...	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Í vinnuskúr	49	19,1%	77	39,7%	28	23,0%
Inni hjá fólki sem við vorum að vinna fyrir	2	0,8%	17	8,8%	12	9,8%
Í skóla í næsta nágrenni	31	12,1%	8	4,1%	18	14,8%
Ég fór heim í mat	57	22,3%	39	20,1%	47	38,5%
Við höfðum engan stað til að borða nestið	19	7,4%	5	2,6%	9	7,4%
Ég kom aldrei með nesti	31	12,1%	21	10,8%	16	13,1%
Ég keypti mér snúð og safa í næsta bakaríi	64	25,0%	29	14,9%	14	11,5%
Við borðuðum alltaf utandyra	103	40,2%	55	28,4%	28	23,0%
Tóku afstöðu	256		194		122	


**Í vinnuskúr**



**Ég fór heim í mat**



**Við borðuðum alltaf utandyra**




**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**


**Greint eftir búsetu**

a) Við borðuðum nestið...	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Í vinnuskúr	108	52,7%	17	15,5%	8	16,7%	9	8,0%	7	13,7%	7	12,3%
Inni hjá fólki sem við vorum að vinna fyrir	22	10,7%	7	6,4%	0	0,0%	3	2,7%	2	3,9%	0	0,0%
Í skóla í næsta nágrenni	47	22,9%	9	8,2%	0	0,0%	4	3,5%	0	0,0%	0	0,0%
Ég fór heim í mat	37	18,0%	22	20,0%	7	14,6%	12	10,6%	23	45,1%	43	75,4%
Við höfðum engan stað til að borða nestið	3	1,5%	11	10,0%	6	12,5%	7	6,2%	6	11,8%	1	1,8%
Ég kom aldrei með nesti	13	6,3%	14	12,7%	8	16,7%	12	10,6%	13	25,5%	10	17,5%
Ég keypti mér snúð og safa í næsta bakaríi	26	12,7%	24	21,8%	14	29,2%	22	19,5%	12	23,5%	11	19,3%
Við borðuðum alltaf utandyra	16	7,8%	62	56,4%	18	37,5%	65	57,5%	22	43,1%	9	15,8%
Tóku afstöðu	205		110		48		113		51		57	


**Í vinnuskúr**



**Ég fór heim í mat**




**Við borðuðum alltaf utandyra**



## Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?

### b) Við höfðum aðgang að salerni nálægt vinnustaðnum...

	Fjöldi	Hlutf.	Vikmörk
Já	281	47,1%	43,1% - 51,2%
Stundum	48	8,1%	5,9% - 10,2%
Nei	267	44,8%	40,8% - 48,8%
	596	100,0%	




Þá var spurt hvort unglingarnir hefðu haft aðgang að salerni. Heldur fleiri, eða um 47% svara þessari spurningu játandi - tæplega 45% svara henni neitandi. Ætla má að aldur og kyn hafi litla þýðingu fyrir það hvernig þessari spurningu er svarað og ákaflega erfitt að ráða í þann mun sem þessir þættir leiða í ljós. Hins vegar kemur fram greinilegur munur eftir búsetu - enn eru það unglingar í Reykjavík sem búa við langsamlega bestan aðbúnað. Rúmlega 88% reykvískra unglinga segjast hafa haft aðgang að salerni meðan tæplega 80% unglinga á Suðurlandi svara þessari spurningu neitandi.

## Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?

### Greint eftir kyni


b) Við höfðum aðgang að salerni nálægt vinnustaðnum...	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	144	46,8%	136	47,6%
Stundum	16	5,2%	32	11,2%
Nei	148	48,1%	118	41,3%
Tóku afstöðu	308	100%	286	100%



**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**

**Greint eftir aldri**


b) Við höfðum aðgang að salerni nálægt vinnustaðnum...	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	115	43,4%	85	43,6%	75	61,0%
Stundum	23	8,7%	13	6,7%	8	6,5%
Nei	127	47,9%	97	49,7%	40	32,5%
	265	100%	195	100%	123	100%



**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**

**Greint eftir búsetu**


b) Við höfðum aðgang að salerni nálægt vinnustaðnum...	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	186	88,2%	39	33,1%	13	28,3%	32	27,8%	8	16,7%	3	5,3%
Stundum	10	4,7%	15	12,7%	0	0,0%	10	8,7%	3	6,3%	9	15,8%
Nei	15	7,1%	64	54,2%	33	71,7%	73	63,5%	37	77,1%	45	78,9%
Tóku afstöðu	211	100%	118	100%	46	100%	115	100%	48	100%	57	100%



## Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?

### c) Við gátum þvegið okkur fyrir matinn...

	Fjöldi	Hlutf.	Vikmörk
Já	246	42,1%	38,1% - 46,1%
Stundum	40	6,8%	4,8% - 8,9%
Nei	299	51,1%	47,1% - 55,2%
	585	100,0%	



Í beinu framhaldi af þessu var spurt um möguleika til þess að þvo sér fyrir matinn. Meirihlutinn, eða rúm 51% svara spurningunni neitandi og 42% svara henni játandi. Ólíklegt er að aldur og kyn hafi áhrif á svör unglínganna, en sama mynstrið og áður kemur fram við greiningu eftir búsetu. Reykjavík hefur hér sérstöðu, á hinum svæðunum virðast aðstæður vera með svipuðu sniði.


Við túlkun á niðurstöðum þessarar spurningar ber að hafa í huga nokkra fyrirvara sem taka verður tillit til þegar dregnar eru ályktanir. Í fyrsta lagi er rétt að taka tillit til veðurfars, en það hlýtur af hafa áhrif á það hvernig spurningu um aðstöðu til þess að matast er svarað. Í góðu veðri er ekki nema eðlilegt að nestið sé borðað utandyra og ekki víst að unglíngarnir upplifi það sem neitt vandamál. Þá skiptir fjarlægð frá heimili vafalaust einnig máli í þessu sambandi, en á smærri stöðum eiga unglíngarnir þess kost að komast heim til sín í mat. Öðru máli gegnir hins vegar um unglínganna í Reykjavík, sem vinna í mörgum tilvikum fjarri heimilum sínum. Fjarlægð frá heimili skiptir einnig máli þegar hreinlætisaðstaðan er annars vegar. Loks má ætla að lengd vinnutímans hafi einnig áhrif á það hvernig spurningunni er svarað, en sums staðar unnu unglíngarnir aðeins 3-4 tíma á dag. Leiða má getur að því að aðstöðuleysið hafi í slíkum tilvikum ekki verið neitt verulegt vandamál.

Niðurstöðurnar leiða hins vegar óhjákvæmilega hugann að grunnskólunum og hvort ekki megi bæta úr aðstöðuleysi vinnuskólaunglínganna með því að opna skólana og nýta alla þá aðstöðu sem þar er að finna, sérstaklega þegar veður gerast vond og válynd. Þar sem grunnskólinn heyrir nú undir sveitarfélögin mætti ætla að hægara væri um vik að auka tengsl vinnuskólans og grunnskólans, m.a. með því að koma þessu á.

## Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?

### Greint eftir kyni


c) Við gátum þvegið okkur fyrir matinn...	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	132	43,6%	114	40,7%
Stundum	20	6,6%	20	7,1%
Nei	151	49,8%	146	52,1%
Tóku afstöðu	303	100%	280	100%



**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**

**Greint eftir aldri**


c) Við gátum þvegið okkur fyrir matinn...	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	109	41,9%	71	36,8%	63	52,5%
Stundum	19	7,3%	12	6,2%	6	5,0%
Nei	132	50,8%	110	57,0%	51	42,5%
	260	100%	193	100%	120	100%



**Sp. 4. Hvernig var aðbúnaðurinn í vinnunni?**

**Greint eftir búsetu**


c) Við gátum þvegið okkur fyrir matinn...	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	163	78,4%	25	21,4%	11	24,4%	26	23,2%	8	17,4%	13	23,2%
Stundum	11	5,3%	8	6,8%	1	2,2%	9	8,0%	3	6,5%	7	12,5%
Nei	34	16,3%	84	71,8%	33	73,3%	77	68,8%	35	76,1%	36	64,3%
Tóku afstöðu	208	100%	117	100%	45	100%	112	100%	46	100%	56	100%





**Sp. 5. Á vinnumarkaði er fólki oft veitt meðmæli eða viðurkenning þegar það hættir í vinnu. Finnst þér að vinnuskólinn ætti að taka slíkt upp?**

	Fjöldi	Hlutf.
Já	465	78,3%
Nei	129	21,7%
	594	100,0%




Svör unglínganna við þessari spurningu eru mjög afdráttarlaus: Mikill meirihluti, eða rúm 78% svöruðu þessari spurningu játandi. Enginn munur var á svörum piltar og stúlkna, en yngsti hópurinn tók ívið dræmar í hugmyndina, þó munurinn geti varla talist mikill. Greining eftir landshlutum sýnir einnig miklar jákvæðar undirtektir við hugmyndina, og alls staðar er hlutfallið yfir 70%.

**Sp. 5. Á vinnumarkaði er fólki oft veitt meðmæli eða viðurkenning þegar það hættir í vinnu. Finnst þér að vinnuskólinn ætti að taka slíkt upp?**

**Greint eftir kyni**


	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	245	78,8%	219	77,9%
Nei	66	21,2%	62	22,1%
Tóku afstöðu	311	100%	281	100%



**Sp. 5. Á vinnumarkaði er fólki oft veitt meðmæli eða viðurkenning þegar það hættir í vinnu. Finnst þér að vinnuskólinn ætti að taka slíkt upp?**

**Greint eftir aldri**


	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	197	74,9%	159	80,7%	100	82,0%
Nei	66	25,1%	38	19,3%	22	18,0%
	263	100%	197	100%	122	100%



**Sp. 5. Á vinnumarkaði er fólki oft veitt meðmæli eða viðurkenning þegar það hættir í vinnu. Finnst þér að vinnuskólinn ætti að taka slíkt upp?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Já	158	76,0%	99	86,1%	35	71,4%	88	75,2%	38	76,0%	47	85,5%
Nei	50	24,0%	16	13,9%	14	28,6%	29	24,8%	12	24,0%	8	14,5%
	208	100%	115	100%	49	100%	117	100%	50	100%	55	100%



### Sp. 5. Ef já, hvernig vildir þú að staðið væri að því?

	Fjöldi	Hlutf.
Einhverskonar sameiginleg viðurkenning fyrir allan hópinn, t.d. sérstök merking við gróðurreitni eða annað sem við höfum unnið sameiginlega að	110	23,8%
Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn þar sem fram kæmi hvað við höfum verið að gera í vinnuskólanum í sumar	383	82,9%
Tóku afstöðu	462	



Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.

Í framhaldsspurningu var þeim sem svöruðu játandi gefinn kostur á tvenns konar útfærslu á hugmyndinni: Annars vegar sameiginleg viðurkenning fyrir allan vinnuhópinn og hins vegar persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn. Niðurstaða þessarar spurningar var einnig mjög afdráttarlaus og skýr. Tæp 83% unglínganna vilja fá persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn þar sem fram kemur hvaða verk og verkþætti unglíngurinn hefur fengið við yfir sumarið. Lítil munur er á piltum og stúlkum, nema ef vera kynni að piltarnir séu eilítið hrifnari af þessari útfærslu en stúlkurnar. Erfitt er að ráða í þá mynd sem greining eftir aldri sýnir - þó má e.t.v. segja sem svo að yngsti hópurinn sé ekki alveg eins spenntur fyrir persónulegu meðmælunum og hinir. Munurinn eftir kyni og aldri er þó hverfandi og breytir í engu megin niðurstöðunni.


Greining eftir búsetu leiðir í ljós mjög víðtækan stuðning við þá hugmynd að tekin verði upp persónuleg meðmæli fyrir hvern vinnuskólaungling. Einkum eru unglíngar á Suðurlandi hrifnir af þessari útfærslu, en undirtektir eru þó alls staðar yfir 70% markinu.

### Sp. 5. Ef já, hvernig vildir þú að staðið væri að því?


#### Greint eftir kyni

	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Einhverskonar sameiginleg viðurkenning	52	21,7%	58	26,2%
Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn	202	84,2%	180	81,4%
Tóku afstöðu	240		221	

Einhverskonar sameiginleg viðurkenning



Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn




**Sp. 5. Ef já, hvernig vildir þú að staðið væri að því?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Einhverskonar sameiginleg viðurkenning	61	31,3%	23	14,6%	23	22,5%
Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn	150	76,9%	140	88,6%	87	85,3%
Tóku afstöðu	195		158		102	

**Einhverskonar sameiginleg viðurkenning**



**Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn**




**Sp. 5. Ef já, hvernig vildir þú að staðið væri að því?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Einhverskonar sameiginleg viðurkenning	33	20,4%	20	20,0%	9	25,7%	28	32,9%	13	37,1%	7	15,6%
Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn	140	86,4%	86	86,0%	30	85,7%	60	70,6%	26	74,3%	41	91,1%
Tóku afstöðu	162		100		35		85		35		45	

**Einhverskonar sameiginleg viðurkenning**




**Persónuleg meðmæli fyrir hvern og einn**



## Sp. 6. a) Hvað fannst þér best við vinnuskólann?

	Fjöldi	Hlutf.
Góða veðrið	80	14,4%
Ýmis félagsleg umbun	380	68,6%
Skemmtilegur flokksstjóri	69	12,5%
Viðfangsefnin og vinnan	154	27,8%
Að fá kaup - Strætómiða	97	17,5%
Tóku afstöðu	554	

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.



Í lokin voru unglingarnir beðnir að svara nokkrum opnum spurningum þar sem þeir skyldu segja frá eigin brjósti hvað hafi verið best við vinnuskólann, hvað hafi verið verst, og hverju þeir vildu breyta. Svörin voru margvísleg og breiddin mikil. Mikið var um hnyttin og lýsandi tilsvör og eru nokkur þeirra birt hér til að gefa dýpt og varpa betra ljósi á niðurstöðurnar. Þar kemur fram að svör hvers og eins var hægt að greina niður á fleiri en einn flokk, í sumum tilvikum alla flokkana. Hið sama á reyndar við um spurningu 6B og 7.

Reynt var að flokka svörin eftir eðli og inntaki og er hver flokkur skýrður nánar í yfirliti sem hér fer á eftir:

**Góða veðrið:** Að fá að vera úti, að verða sólbrúnn og stæltur.

**Félagsleg umbun:** Skemmtilegir krakkar - góður félagsskapur, að kynnst nýjum krökkum, að fá að fara í ferðir og taka þátt í ýmsum uppákomum með vinnuskólanum, skemmtilegar pásur og matartímar, þegar við fengum frí, þegar við fengum að liggja í leti og slappa af o.fl.

**Skemmtilegur flokksstjóri:** Frábær og duglegur, hjálplegur, hress, ekki mjög strangur, æðislega skemmtilegur, skemmtilegt að vinna með flokksstjóranum, maður gat alltaf talað við hann, góður verkstjóri.

**Viðfangsefnin og vinnan:** Skemmtileg verkefni, lærdómsríkt og fræðandi, vinnan létt, stuttur vinnutími, gott að hafa eitthvað fyrir stafni, þegar við fengum að vinna inni í vondu veðri.

Mikill meirihluti unglinga sem dvelur í vinnuskóla á sumrin telur að félagsleg umbun af ýmsum toga sé mesti kosturinn við veruna þar, en 68.6% svaranna lentu í þessu flokki. Tæp 28% svaranna voru jákvæðar umsagnir um viðfangsefnin og vinnuna og 17,5% snerust um kaupid og ýmis fríðindi. Góða veðrið lenti í 4. sæti og jákvæð ummæli um flokksstjórana ráku síðan lestina.

Hér á eftir fara nokkrar beinar tilvitnanir í svör unglinganna við spurningu 6A:

"Maður hefur eitthvað að gera á sumrin og eignast nýja vini".

"Útiveran og hreina loftið".

"Maður lærir margt nýtt, líka hvað öll illgresin heita".

"Maður lærir til hinna ýmsu verka, félagsskapurinn var góður. Gaman að vinna úti í góðu veðri".

"Maður verður vel útitekinn og þreyttur eftir daginn. Einfaldlega gott að hafa eitthvað að gera".

"Dagurinn þegar maður fær launaseðilinn og maður veit að maður hefur tekið þátt í að gera bæinn fallettri".

"Mér fannst skemmtilegt að vinna með krökkunum og hvað við lærðum margt".

"Góður félagsskapur, skemmtilegir flokksstjórar, launin að vísu of lág, en samt ágætt að hafa fengið þau".

"Skemmtilegur flokksstjóri og skemmtilegt að vinna með honum".

"Mér fannst best að raka og setja gras í poka, það var svo mikið fjör".

"Þegar það var eitthvað gert með okkur og flokksstjórnir voru í góðu skapi".

"Krakkarnir í hópnum. Flokksstjórnir var skemmtilegur og maður gat alltaf talað við hann".

"Maður lærir að vinna og umgangast fólk og skilur hvernig það er að hafa yfirmann".

"Maður lærði hluti sem maður kundi ekki áður. Eins og að gróðursetja tré".

"Gott að vera úti í góðu veðri með vinum sínum. Gleðja gamla fólkið. Fræðsluferðirnar mjög fínar".

"Ég lærði að mæta í alvöru vinnu á hverjum morgni, ég lærði líka að mála, gróðursetja, reyta arfa og margt fleira".


"Vinnuskólinn var fín og fullt af fínu fólki að vinna með".

**Sp. 6. a) Hvað fannst þér best við vinnuskólann?**


**Greint eftir kyni**

	Karlar		Konur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Góða veðrið	18	6,6%	62	22,3%
Ýmis félagsleg umbun	172	62,8%	206	74,1%
Skemmtilegur flokksstjóri	33	12,0%	36	12,9%
Viðfangsefnin og vinnan	76	27,7%	78	28,1%
Að fá kaup - Strætómiða	53	19,3%	44	15,8%
Tóku afstöðu	274		278	


**Góða veðrið**




**Ýmis félagsleg umbun**




**Skemmtilegur flokksstjóri**



**Viðfangsefnin og vinnan**



**Að fá kaup - Strætómiða**




Greining eftir kyni sýnir að svör stúlkanna varða oftár félagslega þáttinn en svör piltanna. Þær eru líka talsvert ánægðari með veðrið! Að öðru leyti er lítinn munur að sjá á piltum og stúlkum, nema ef vera skyldi að piltar leggi meira upp úr kaupinu en stúlkurnar.

**Sp. 6. a) Hvað fannst þér best við vinnuskólann?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Góða veðrið	22	8,9%	31	17,1%	26	22,4%
Ýmis félagsleg umbun	165	67,1%	128	70,7%	77	66,4%
Skemmtilegur flokksstjóri	22	8,9%	29	16,0%	16	13,8%
Viðfangsefnin og vinnan	71	28,9%	46	25,4%	35	30,2%
Að fá kaup - Strætómiða	43	17,5%	32	17,7%	21	18,1%
Tóku afstöðu	246		181		116	


**Góða veðrið**




**Ýmis félagsleg umbun**




**Skemmtilegur flokksstjóri**



**Viðfangsefnin og vinnan**



**Að fá kaup - Strætómiða**




Þegar svörin eru flokkuð eftir aldri kemur í ljós að yngsti hópurinn nefnir sjaldnast eitthvað jákvætt tengt flokksstjórnunum, sem kemur e.t.v. ekki á óvart þegar tekið er mið af niðurstöðum sem eru tilgreindar framar í þessari skýrslu. Einnig nefna þau áberandi sjaldnar góða veðrið, en það er reyndar frekar tilviljanakennd niðurstaða sem afar erfitt er að skýra! Aldur virðist almennt ekki hafa áhrif á þessi tilsvör og breytir ekki, frekar en kyn, megin niðurstöðu flokkunarinnar.

Sp. 6. a) Hvað fannst þér best við vinnuskólann?


Greint eftir búsetu

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Góða veðrið	31	15,6%	14	13,0%	8	18,2%	13	12,5%	5	10,9%	9	17,0%
Ýmis félagsleg umbun	122	61,3%	84	77,8%	36	81,8%	73	70,2%	31	67,4%	34	64,2%
Skemmtilegur flokksstjóri	16	8,0%	18	16,7%	5	11,4%	17	16,3%	8	17,4%	5	9,4%
Viðfangsefnin og vinnan	73	36,7%	30	27,8%	4	9,1%	18	17,3%	10	21,7%	19	35,8%
Að fá kaup - Strætómiða	31	15,6%	18	16,7%	6	13,6%	29	27,9%	4	8,7%	9	17,0%
Tóku afstöðu	199		108		44		104		46		53	


Góða veðrið




Ýmis félagsleg umbun




Skemmtilegur flokksstjóri



Viðfangsefnin og vinnan



Að fá kaup - Strætómiða




Greining svaranna eftir búsetu sýnir að félagsleg umbun skipar mikilvægan sess í lífi vinnuskólaunglinga um allt land, þótt vissulega megi greina ýmis tilbrigði í því hvernig svör þeirra flokkast. Reykvískir unglingar tilgreina sjaldnar en aðrir ýmiss konar félagsleg atriði, en virðast hins vegar ánægðari með verkefni en vinnuskólaunglingar annars staðar á landinu. Þá eru unglingar á Suðurlandi einnig ánægðir með sín verkefni. Ánægðastir með félagsskapinn eru unglingar á Vesturlandi, en tæp 82% af svörum þeirra lentu í þessum flokki. Þau segja aftur á móti hvað sjaldnast að það besta við vinnuskólann hafi verið vinnan sjálf og verkefni. Unglingar á Norðurlandi eru langsamlega ánægðastir með kaupum sítt, en tæplega 28% af tilsvörum þeirra flokkuðust með þessum hætti.



## Sp. 6. b) Hvað fannst þér verst við vinnuskólann?

	Fjöldi	Hlutf.
Vonda veðrið	154	29,3%
Viðfangsefnin - Vinnan	187	35,6%
Kaup og kjör	180	34,3%
Aðbúnaður og skipulag	103	19,6%
Leiðinlegur flokksstjóri	58	11,0%
Slæmt vinnuuppeldi	11	2,1%
Tóku afstöðu	525	



Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.

Svör unglínganna við þessari spurningu voru flokkuð með eftirfarandi hætti:

**Vonda veðrið:** Að vinna í roki og rigningu.

**Viðfangsefnin-vinnan:** Einhæf verkefni, endalaus arfatínsla og moldarvinna, erfið vinna og sóðaleg o.s.frv.

**Kaup og kjör:** Lág laun, lítil vinna, stuttur vinnudagur, engin eftirvinna, of stuttar pásur, engir veikindadagar, að þurfa að vakna snemma, engar upplýsingar veittar um vinnuslys o.þ.h., of langur vinnutími.

**Aðbúnaður og skipulag:** Engin áhöld, léleg áhöld, vitlausir vinnuseðlar, bið eftir verkefnum, vinnan fjarri heimilinu, engin hreinlætisaðstaða, engin aðstaða til að matast, engin aðstaða í vondum veðrum, lélegur mórall, að mega ekki reykja.

**Leiðinlegur flokksstjóri:** Latur, strangur, dónalegur, óréttlátur, talaði illa um okkur, hlustaði ekki á okkur, óvandvirkur og áhugalaus.

**Slæmt vinnuuppeldi:** Að fá að komast upp með leti, þegar hinir krakkarnir voru latir, að fá ekki umbun fyrir að leggja sig fram, að fá borgað fyrir að liggja í leti.

Þegar á heildina er lítið kvarta flestir undan einhæfum og leiðinlegum verkefnum, en 35.6% svaranna flokkuðst þannig. Fast á eftir fylgdu síðan svör sem tengdust lágu laununum og lélegum kjörum, eða 34.3%. Veðurfarið lendir síðan í 3. sæti, slæmur aðbúnaður og vinnuskipulag í 4. sæti, leiðinlegur flokksstjóri í 5. sæti og síðan rekur slæmt vinnuuppeldi lestina.

Sem fyrr er að finna ýmsar áhugaverðar athugasemdir í svörum unglínganna:

"Lág laun og það að ekkert sem maður gerði nokkru sinni var nógu gott. Maður var álitinn helber letingi".

"Þegar flokksstjórinn segir "þegiðu" eða, "voðalega ertu heimskur", og svoleiðis".

"Það var enginn staður til að borða nestið".

"Það sem við vorum að gera hefði mátt vera fjölbreyttara. Við vorum yfirleitt að gera það sama".

"Að sumir komust upp með að vinna ekkert í vinnutímanum".

"Þegar það var rigning og kalt og að vera að tína í beðum í svona veðri".

"Einhæf verkefni og langdregin".

"Mér finnst leiðinlegt að heyra í fólki úti í bæ segja að vinnuskólabörnin séu letingjar og fá þess vegna enga vinnu annars staðar".

"Að við þurftum að bíða eftir verkefnum".

"Það var engin aðstaða fyrir mann til þess að fara og hlýja sér í pásunum".

"Launin eru of lág hjá elstu krökkunum vegna þess að næsta vetur þurfum við að kaupa skólabækur fyrir 20 þúsund krónur".

"Ýmsar upplýsingar hefðu mátt koma betur fram, t.d. í sambandi við veikindadaga, vinnuslys o.m.fl.".

"Þegar það er rigning finnst mér að vinnuskólinn ætti að skaffa regnföt á alla því að ekki eiga allir regnföt".

"Léleg aðstaða, verkstjórnir voru oft geðillir og létu það bitna á okkur".

"Vinnuskólinn var stundum niðurdrepandi og manni var ekki alltaf sýnd virðing".

"NN var hörmulegur flokksstjóri, ferðakamrarnir voru hörmung og það var ekkert rennandi vatn".

"Sumir gerðu meira en aðrir en samt fengu allir sama kaup. Sumir gera jafnvel lítið sem ekki neitt".

"Aldrei fengum við pásur, alltaf það sama, reyta arfa og stinga upp torfur".

"Hvað við þurftum stundum að vera lengi að gera það sama á sama staðnum. Maður varð leiður á því".

"Stundum fannst mér við vinna af striti en ekki viti".


"Það var alltaf vont veður. Það þarf að panta meira sólskin og pizzur".

**Sp. 6. b) Hvað fannst þér verst við vinnuskólann?**


**Greint eftir kyni**

	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Vonda veðrið	62	23,4%	92	35,7%
Viðfangsefnin - Vinnan	104	39,2%	83	32,2%
Kaup og kjör	87	32,8%	91	35,3%
Aðbúnaður og skipulag	49	18,5%	54	20,9%
Leiðinlegur flokksstjóri	33	12,5%	25	9,7%
Slæmt vinnuuppeldi	7	2,6%	4	1,6%
Tóku afstöðu	265		258	


**Vonda veðrið**




**Viðfangsefnin - Vinnan**




**Kaup og kjör**



**Aðbúnaður og skipulag**



**Leiðinlegur flokksstjóri**




Greining eftir kyni leiðir í ljós að útivinna í vondu veðri og slæm kjör er það sem stúlkunum finnst verst við vinnuskólann, piltarnir eru hins vegar neikvæðari gagnvart viðfangsefnunum og flokksstjórnunum. Stúlkurnar nefna heldur oft en piltarnir ýmislegt neikvætt varðandi aðbúnað og skipulag. Að öðru leyti er vart teljandi munur á afstöðu kynjanna.

**Sp. 6. b) Hvað fannst þér verst við vinnuskólann?**


**Greint eftir aldri**

	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Vonda veðrið	56	24,0%	55	31,1%	41	39,8%
Viðfangsefnin - Vinnan	101	43,3%	52	29,4%	29	28,2%
Kaup og kjör	73	31,3%	68	38,4%	35	34,0%
Aðbúnaður og skipulag	32	13,7%	49	27,7%	21	20,4%
Leiðinlegur flokksstjóri	23	9,9%	22	12,4%	13	12,6%
Slæmt vinnuuppeldi	4	1,7%	2	1,1%	3	2,9%
Tóku afstöðu	233		177		103	


**Vonda veðrið**




**Viðfangsefnin - Vinnan**




**Kaup og kjör**



**Aðbúnaður og skipulag**



**Leiðinlegur flokksstjóri**




Þau elstu virðast láta útvinnu í öllum veðrum fara mest í taugarnar á sér. Yngstu börnin nefna hins vegar oftast viðfangsefnin og vinnuna sjálfa sem það versta við vinnuskólann. Um veðráttuna tjáir víst ekki að tala, en sem fyrr er ef til vill ástæða til þess að huga betur að því hvernig búið er að nýliðunum og þeim verkefnum sem þeim eru fengin til úrlausnar í vinnuskólanum.

**Sp. 6. b) Hvað fannst þér verst við vinnuskólann?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Vonda veðrið	55	29,3%	30	29,4%	19	46,3%	22	22,4%	7	15,9%	21	40,4%
Viðfangsefnin - Vinnan	60	31,9%	35	34,3%	13	31,7%	45	45,9%	16	36,4%	18	34,6%
Kaup og kjör	71	37,8%	44	43,1%	9	22,0%	22	22,4%	16	36,4%	18	34,6%
Aðbúnaður og skipulag	50	26,6%	21	20,6%	1	2,4%	17	17,3%	4	9,1%	10	19,2%
Leiðinlegur flokksstjóri	23	12,2%	7	6,9%	5	12,2%	11	11,2%	6	13,6%	6	11,5%
Slæmt vinnuuppeldi	4	2,1%	1	1,0%	0	0,0%	3	3,1%	2	4,5%	1	1,9%
Tóku afstöðu	188		102		41		98		44		52	


**Vonda veðrið**




**Viðfangsefnin - Vinnan**




**Kaup og kjör**



**Aðbúnaður og skipulag**



**Leiðinlegur flokksstjóri**




Landshlutaskiptingin dregur að mörgu leyti upp óræða mynd, einkum hvað veðurfarið snertir. Ef til vill var veðrið fyrir norðan og austan með besta móti í júlí 1996, en unglingar á Austurlandi segja sjaldnast að veðrið hafi verið það versta, aftur á móti er það algengasta svarið á Suðurlandi. Veðurkort í júlí 1996 gætu e.t.v. verið skýrandi fyrir þessa mynd? Unglingar á Norðurlandi segja í ríkari mæli en aðrir að verkefni hafi verið það versta við vinnuskólann. Enda þótt unglingar í Reykjavík búi við bestan aðbúnað í vinnuskólanum eru það einmitt þeir sem kvarta mest undan aðbúnaði og skipulagi. Unglingar í Bessastaðahreppi og Kópavogi nefna léleg laun oftast en aðrir vinnuskólaunglingar - á Vesturlandi og á Norðurlandi eru þess konar tilsvör hins vegar fátíðust. Hvað Norðurland áhrærir kemur þetta heim og saman við svörin í spurningu 6A.

## Sp. 7. Hverju myndir þú breyta við vinnuskólann?

	Fjöldi	Hlutf.
Kaupið, kjörin, fríðindi	296	63,8%
Aðbúnaður á vinnustað	49	10,6%
Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.	104	22,4%
Vinnan og viðfangsefni	125	26,9%
Flokksstj., stjórnun/reglur	63	13,6%
Tóku afstöðu	464	

Í þessari spurningu mátti svara fleiri en einum svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar út frá fjölda þeirra sem afstöðu tóku en ekki fjölda svara.



Loks var unglingunum gefinn kostur á að koma með tillögur til úrbóta á vinnuskólanum og skipulagi hans. Meiri breidd og fjölbreytni var í þessum svörum og voru þau flokkuð á eftirfarandi hátt:

**Kaupið, kjörin, fríðindi:** Hærra kaup, fleiri pásur, lengri matar- og kaffihlé, styttri vinnutíma, yfirvinnukaup í yfirvinnu, afkastahvetjandi launakerfi, meiri vinnu, frí á kaup í vondum veðrum, frí þegar veðrið er mjög gott, veikindadaga á launum, frítt nesti, heitan mat í boði vinnuskólans, ókeypis strætómíða, ókeypis regnföt, ókeypis flugnanet, tilboð um vinnu í ágúst fyrir þá sem standa sig vel í júní og júlí.

**Aðbúnaður á vinnustað:** Aðstöðu til þess að matast, salernisaðstöðu, hreinlætisaðstöðu, fleiri verkfæraskúra, betri verkfæri.

**Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.:** Fleiri valkosti varðandi vinnutímann, vinna allan daginn í 4 vikur í stað þess að vinna hálfan daginn í 8 vikur, fá að velja um vinnu fyrir hádegi eða eftir hádegi, byrja fyr- hætta fyrir, byrja kl. 10 - hætta kl. 17, fá upplýsingar um verkefni næsta dags í lok vinnudagsins, flutningur að og frá vinnusvæðum, fá að skipta oft um vinnusvæði, skipta í vinnuhópa eftir búsetu, taka 12 ára krakka inn í vinnuskólann, taka manntal á morgnana, greiða launin á réttum tíma, fleiri fræðsludaga, meiri afþreyingu fyrir vinnuskólakrakkana, fá að vinna með sama fólkinu allan tímann.

**Vinnan og viðfangsefni:** Meiri fjölbreytni í verkefnavali og fleiri verkefni með tilgang, sömu verkefni fyrir stúlkur og pílta, meiri tækni við vinnuna, meira vinnustaðalýðræði, meiri leiðsögn í verkætun og meiri starfsfræðslu s.s. plöntufræðslu, að fá að planta fleiri blómum, að gera vinnuskólann líkari venjulegum vinnustöðum að því er varðar vinnutíma og kjör, að leyfa vinnuskólakrökkunum að vinna á hinum ýmsu stofnunum sveitarfélagsins, þau yngstu í skítverkin-þau eldri í betri verkefni, að leyfa öllum að spreya sig á sem flestum verkefnum, meiri samfelli í viðfangsefnum-vaða ekki svona úr einu verkinu í það næsta.

**Flokksstjórnir, stjórnun/reglur:** Fleiri karlflokksstjóra, bæjarstarfsmenn taki að sér flokksstjórn, geðbetri flokksstjóra, betri flokksstjóra, ekki svona tíð skipti á flokksstjórum/bílstjórum, að flokksstjórinn vinni við hliðina á krökkunum, sanngjarnari verkefnaúthlutun, jákvæðari flokksstjóra sem er ekki alltaf sínöldrandi, yngri flokksstjóra sem ná betur til unglunga og finnst gaman að vinna með þeim, strangari flokksstjóra. Að fá að reykja, að fá að fara út í sjoppu, að fá að hafa vasadiskó, að fá að hafa útvarp, að fá að fara á klósettið, að fá að sækja sér vatn að drekka.

Þegar svör unglinganna við þessari spurningu eru skoðuð sést glögg að mögur eftirtekja sumarsins er þeim ofarlega í huga, enda er hér á ferðinni talsvert stór neysluhópur. Það er sem sagt almenn niðurstaða að brýnast sé að hækka kaupið og bæta kjörin. Nálega 64% svaranna vörðuðu kjörin með einum eða öðrum hætti (sjá nánar yfirlit að framan). Tæp 27% snerust um nauðsyn þess að auka fjölbreytni í viðfangsefnum og 22,4% svaranna vörðuðu bætt skipulag vinnu og vinnutíma. Nokkuð var um að gerðar væru tillögur um betri stjórnun og sanngjarnari reglur í vinnuskólanum en tillögur til að bæta aðbúnað á vinnustað ráku síðan lestina.


**Sp. 7. Hverju myndir þú breyta við vinnuskólann?**

**Greint eftir kyni**


	Piltar		Stúlkur	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Kaupið, kjörin, fríðindi	161	69,4%	135	58,2%
Aðbúnaður á vinnustað	21	9,1%	28	12,1%
Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.	45	19,4%	59	25,4%
Vinnan og viðfangsefnin	52	22,4%	73	31,5%
Flokksstj., stjórnun/reglur	25	10,8%	38	16,4%
Tóku afstöðu	232		232	

Piltarnir gera í meiri mæli en stúlkurnar tillögur um að nauðsynlegt sé að hækka kaupið. Þær benda hins vegar mun oftár á að gera þurfi úrbætur varðandi hina þættina, einkum vinnuna sjálfa og viðfangsefnin og skipulagninguna. Ef til vill kemur hér fram velþekkt mynstur sem margir kannast við sem eitthvað hafa kynnt sér orsakir kynbundins launamunar.

**Kaupið, kjörin, fríðindi**



**Vinnan og viðfangsefnin**




**Sp. 7. Hverju myndir þú breyta við vinnuskólann?**

**Greint eftir aldri**


	14 ára		15 ára		16 ára	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Kaupið, kjörin, fríðindi	131	63,9%	101	64,7%	58	61,7%
Aðbúnaður á vinnustað	11	5,4%	22	14,1%	14	14,9%
Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.	36	17,6%	42	26,9%	23	24,5%
Vinnan og viðfangsefnin	63	30,7%	41	26,3%	21	22,3%
Flokksstj., stjórnun/reglur	32	15,6%	19	12,2%	12	12,8%
Tóku afstöðu	205		156		94	

Greining eftir aldri leiðir í ljós sömu heildarniðurstöðu hvað kjaramálin áhrærir, og ekki er að sjá teljandi mun milli aldurshópanna. Þau sem eldri eru koma oftár með tillögur er varða bættan aðbúnað á vinnustað og betra vinnuskipulag, yngsti hópurinn gerir hins vegar í meiri mæli tillögur til úrbóta varðandi vinnuna og viðfangsefnin og einnig líttillega varðandi flokksstjórana og stjórnunina.

**Kaupið, kjörin, fríðindi**



**Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.**




**Sp. 7. Hverju myndir þú breyta við vinnuskólann?**


**Greint eftir búsetu**

	Reykjavík		Kópavogur Bessasthr.		Vesturland		Norðurland		Austurland		Suðurland	
	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.	Fj.	Hlutf.
Kaupið, kjörin, fríðindi	117	66,9%	67	72,0%	19	61,3%	47	53,4%	14	50,0%	32	65,3%
Aðbúnaður á vinnustað	23	13,1%	16	17,2%	3	9,7%	4	4,5%	1	3,6%	2	4,1%
Skipulag vinnu, vinnutími o.fl.	47	26,9%	15	16,1%	0	0,0%	25	28,4%	6	21,4%	11	22,4%
Vinnan og viðfangsefni	42	24,0%	26	28,0%	10	32,3%	25	28,4%	6	21,4%	16	32,7%
Flokksstj., stjórnun/reglur	24	13,7%	9	9,7%	3	9,7%	18	20,5%	5	17,9%	4	8,2%
Tóku afstöðu	175		93		31		88		28		49	

**Kaupið, kjörin, fríðindi**



**Vinnan og viðfangsefni**



Unglingar í öllum þeim vinnuskólum sem þátt tóku í könnuninni virðast nokkuð sammála um að nauðsynlegt sé að bæta kjörin, þó kemur þessi afstaða misjafnlega sterkt fram eftir landshlutum. Þannig koma slíkar tillögur oftast frá unglungum í Bessastaðahreppi og Kópavogi en sjaldnast af Austurlandi. Unglingum á Norðurlandi og í Reykjavík er meira umhugað en öðrum um úrbætur á skipulagi vinnu og vinnutíma en af Suðurlandi og Vesturlandi komu flestar óskir um betri og fjölbreyttari viðfangsefni. Norðlenskum unglungum finnst í ríkari mæli en öðrum að flokksstjórar þurfi að herða sig og stjórnun og reglur þurfi að vera betri.

## 5. VIÐAUKI; YFIRLIT YFIR SVEITAFÉLÖGIN SEM TÓKU ÞÁTT Í KÖNNUNINNI

---

*Leitað var eftir þátttöku eftirtalinna sveitarfélaga í könnuninni. Yfirlitið sýnir að í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri var óskað eftir úrtaki af tiltekinni stærð. Annars staðar var beðið um svör frá öllum unglíngum í vinnuskólanum. Þá sýnir yfirlitið einnig hversu mörg svör bárust frá hverju sveitarfélagi.*

Reykjavíkurborg:	216, úrtak,	216 svör
Kópavogsbær:	100, úrtak	99 svör
Bessastaðahreppur:	Allir,	19 svör
Hafnarfjarðarbær:	100, úrtak	engin svör
Reykjanesbær:	Allir,	engin svör.
Borgarbyggð: -	Allir,	engin svör.
Dalabyggð:	Allir,	engin svör.
Stykkishólmsbær:	Allir,	25 svör
Vestmannaeyjabær:	Allir,	9 svör
Ísafjarðarbær:	Allir,	engin svör.
Sauðárkróksbær:	Allir,	29 svör
Siglufjarðarbær: -	Allir,	38 svör
Akureyrarbær:	50, úrtak	24 svör
Dalvíkurbær:	Allir,	25 svör
Öxarfjarðarhreppur:	Allir,	3 svör.
Neskaupstaður: -	Allir,	30 svör
Djúpavogshreppur:	Allir,	7 svör
Hornafjarðarbær:	Allir,	19 svör
Selfossbær:	Allir,	48 svör



# UMBOÐSMAÐUR BARNNA

**Viðhorf unglunga í vinnuskólum**

Skoðanakönnun

Sumarið 1996